

Sveitarstjórn Múlaþings - 33 (8.2.2023) - Strandveiðar 2023

Málsnúmer : 202302023
Málsaðili : Múlaþing
Niðurstaða (stutt) : Samþykkt
Fundardagur : 08.02.2023

Inngangur :

Niðurstaða : Fyrir liggur bókun frá fundi heimastjórnar Borgarfjarðar, dags. 03.02.2023, varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða (svæðaskipting strandveiða).

Við upphaf 12.dagskrárliðar vakti sveitarstjórnarfulltrúi Helgi Hlynur Ásgrímsson athygli á mögulegu vanhæfi sínu.

Til máls tóku vegna mögulegrar vanhæfis Helga Hlyns: Þröstur Jónsson, Jónína Brynjólfsdóttir, Eyþór Stefánsson og Vilhjálmur Jónsson.

Forseti lagði vanhæfistillöguna fram og var hún felld með 9 atkvæðum, einn sat hjá (ÁMS) og einn með vanhæfi (HHÁ)

Til máls tóku: Helgi Hlynur Ásgrímsson, Eyþór Stefánsson, Helgi Hlynur Ásgrímsson

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Sveitarstjórn Múlaþings tekur undir með heimastjórn Borgarfjarðar varðandi það að besta fyrirkomulag strandveiða væri að tryggja 48 daga til veiða ár hvert. Meðan svo er ekki er framkomin hugmynd skárri kostur en núverandi kerfi fyrir C-svæði/Norðausturland. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að skila inn umsögn við fyrirbyggjandi frumvarp um breytingu á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða þar sem tillit verði m.a. tekið til fyrri bókana heimastjórna.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.